


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08.2011		
Höfundur: HRS	Sálfræði 303 (SÁL3036)	
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		
		Haustönn 2014

Kennari	Hermann Jón Tómasson	Sk.st.	HTÓ
----------------	-----------------------------	---------------	------------

Áfangalýsing:

Í áfanganum verður fjallað um hvatir, atferlissvaka, hegðun og tilfinningar með áherslu á frávíkshegðun. Fjallað verður um hvatræna hegðun eins og át og kynhegðun. Rætt verður um tilfinningar og áhrif þeirra á hegðun sem og tilfinningatengd vandamál eins og streitu. Jafnframt verður rýnt í orsakir ofbeldishegðunar. Megináhersla verður síðan lögð á umræðu um geðheilbrigði og algengustu flokka geðrænna vandamála. Fjallað verður um orsakir þeirra, tíðni, einkenni og meðferðarúrræði. Einnig verða viðhorf gagnvart andlega fötluðum rædd til þess að ýta undir skilning, virðingu og umburðarlyndi gagnvart geðfötluðum einstaklingum.


Áfangamarkmið:

- Að auka þekkingu og skilning nemenda á mismunandi orsökum hegðunar almennt og frávíkshegðunar sérstaklega.
- Að vekja nemendur til vitundar um leiðir til að draga úr kvíða og streitu og viðhalda góðri geðheilsu.
- Að auka þekkingu nemenda á geðrænum vandamálum, orsökum þeirra, einkennum og afleiðingum.
- Að vekja nemendur til umhugsunar um aðstæður geðfatlaðra og fordóma gagnvart fólki með geðræn vandamál.

Námsgögn:

Námsefni, eða tilvísanir í það (vefsíður og tímaritsgreinar) verður aðgengilegt á Moodlesvæði áfangans. Kennari mun vísa nemendum á þetta efni eftir þörfum. Í námsefnispakkanum er eftirfarandi efni:

- Efnisbútar úr bók Atkinson, Atkinson og Hilgard: Sálfræði 2.
- Greinar á vefnum sem tengjast efnisumfjölluninni.
- Verkefni, glærur og glósur kennara.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08.2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	Sálfræði 303 (SÁL3036) Haustönn 2014	

Áætlun um yfirferð:

Vika	Viðfangssefni*	Nemendur skila
25. - 31. ág.	Hvatir 1 – Svengd og át	Verkefni 1
1. - 7. sept.	Hvatir 2 – Kynhvöt/kynhegðun	Verkefni 2
8. - 14. sept.	Tilfinningar 1 – Almenn umfjöllun	Verkefni 3
15. - 21. sept.	Tilfinningar 2 – Streita og kvíði	Verkefni 4
22. - 28. sept.	Tilfinningar 3 – Reiði og ofbeldi	Verkefni 5
29. - 5. okt.	Heimildaritgerð – kynning og undirbúningur	Tímapróf 1
6. - 12. okt.	Geðræn vandamál – 1. hluti	Verkefni 6
13. - 19. okt.	Geðræn vandamál – 2. hluti	Verkefni 7
20. - 26. okt.	Geðræn vandamál – 3. hluti	Verkefni 8
27. - 2. nóv.	Geðræn vandamál – 4. hluti	Verkefni 9
3. - 9. nóv.	Meðferð geðrænna vandamála	Verkefni 10
10. - 16. nóv.	Meðferð geðrænna vandamála	Tímapróf 2
17. - 23. nóv.	Kynning á heimildaritgerðum	Ritgerð
24. - 30. nóv.	Kynning á heimildaritgerðum	Kynningu
1. - 2. des.	Samantekt og frágangur	

*Einhver breyting getur orðið á viðfangefnum og þeim tíma sem ætlaður er í hvert þeirra.

Námsmat:

Lýsing	Vægi
Verkefni annarinnar	40,00%
Heimildaritgerð og kynning á efni hennar	30,00%
Tímapróf (Tvö próf þar sem hvort gildir 15%)	30,00%
Nemendum ber að gæta þess að skila verkefnum á tilsettum tíma.	

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils